



Skútustaðahreppur, Mývatnssveit 600269-1009

Hlíðavegi 6, 660 Mývatn. s: 464-4163 f. 464-4363, netf. sveitarstjorn@myv.is

Fundargerð Veitnanefndar 5.fundur

Fundur að Hlíðavegi 6, 11. mars 2008 kl. 10:00

Mættir: Kristján Steingrímsson, Lárus Björnsson, Þorgeir Gunnarsson og Jón Óskar Ferdinandsson. Sveitarstjóri ritaði fundargerð.

1. Fundarsetning.

Formaður setti fund.

2. Tilboð v/vatnstanks.

Nefndarmenn fóru yfir þau sex tilboð sem bárust í vatnstankinn. Eitt tilboðið er frávikstilboð. Tilboðin voru öll töluvert yfir kostnaðaráætlun. Athygli vekur að heildarverð tilboðanna er mjög svipað þrátt fyrir að verðlagning einstakra liða sé mjög mismunandi. Aðallega eru það þrír liðir sem skilja að kostnaðaráætlunina og tilboðin þ.e. steypuvinnan, málmsmíðin og undirbúningur framkvæmda. Veitnanefnd leggur til að tilboðunum verði vísað til Verkfræðistofunnar Fjarhitunar til yfirferðar eins og fram kemur í fundargerð frá opnun tilboðanna og fylgir hér með.

3. Önnur mál.

Veitnanefnd leggur áherslu á að þrýst verði á Fjarhitun að klára seinni hluta skýrslunnar um ástand veitnanna sem átti að vera lokið sl. haust. Jón Óskar fór yfir bágt ástand veitunnar út á tjaldstæðin við Hlíð og út á flugvöll en verulegur misbrestur er á að nægilegt heitt vatn fáiast þangað. Jóni falið að koma með tillögu að úrbótum.

Fleira ekki gert,
fundi slitið

Kristján Steingrímsson,
Lárus Björnsson,
Þorgeir Gunnarsson.